

2230. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 19. mars 2020 á skrifstofu KSÍ á Laugardalsvelli og hófst kl. 16:04.

Mættir: Guðni Bergsson formaður, Gísli Gíslason varaformaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður (tók sæti á fundi kl. 16:15), Ásgeir Ásgeirsson, Haraldur Haraldsson, Ingi Sigurðsson, Magnús Gylfason, Ragnhildur Skúladóttir, Valgeir Sigurðsson og Þorsteinn Gunnarsson.

Mættir varamenn í stjórn: Þóroddur Hjaltalín (vék af fundi kl. 17:00) og Guðjón Bjarni Hálfðánarson.

Mættur framkvæmdastjóri KSÍ: Klara Bjartmarz, sem ritaði fundargerð.

Guðni, Borghildur og Klara voru á skrifstofu KSÍ en aðrir fundarmenn tóku þátt í fundinum með fjarfundabúnaði.

Þetta var gert:

1. Fundargerð síðasta fundar og fundargerð aukafundar stjórnar
 - Fundargerð síðasta fundar var þegar samþykkt á rafrænan hátt á milli funda af öllum stjórnarmönnum sambandsins.
 - Fundargerð aukafundar stjórnar þann 13. mars 2020 var þegar samþykkt á rafrænan hátt á milli funda af öllum stjórnarmönnum sambandsins.
2. Fundargerðir nefnda/starfshópa voru lagðar fram til kynningar:
 - Dómaranefnd KSÍ 2. mars 2020.
 - Landsliðsnefnd karla 24. febrúar 2020.
 - Landsliðsnefnd karla 10. mars 2020.
3. Covid-19
 - Rætt um æfingar félaga. KSÍ hefur verið í miklum samskiptum við ýmsa hagaðila (ÍSÍ, ráðuneytin, almannavarnir o.fl.) til þess að reyna að fá frekari skýringar á því hvað felst í samkomubanni og fjarlægðartakmörkunum. ÍSÍ fær vonandi skýrari tilmæli/útfærslur á morgun (föstudag) og mun KSÍ strax koma þeim upplýsingum á framfæri við aðildarfélög sambandsins.
 - Rætt um fjármál félaganna. Guðni Bergsson formaður upplýsti stjórn um samskipti sín við stjórnvöld vegna fjármála íþróttahreyfingarinnar. Þá voru lögð fram til kynningar, bréf formanns til fjármála- og mennta- og menningarmálaráðherra um fjármál íþróttahreyfingarinnar. Stjórn KSÍ hefur mótttekið bréf frá ÍTF varðandi fjármál félaganna. Miklir óvissutimar eru framundan, þar sem fastur kostnaður helst óbreyttur en allar tekjuforsendur eru brostnar. *Stjórn samþykkti að skipa vinnuhóp með fulltrúum KSÍ, ÍTF Leikmannasamtökunum og fulltrúa félaganna í neðri deildum, sem rýnir þetta mál betur frá öllum hliðum.* Áhersla er lögð á að vinna málið eins hratt og kostur er.
 - Framkvæmdastjóri kynnti samskiptaáætlun skrifstofunnar, sem snýr m.a. því að hvetja þjóðina og unga iðkendur til dáða, til að halda áfram að æfa daglega (með eða án bolta), þrátt fyrir þær takmarkanir sem eru tilkomnar vegna samkomubanns í tengslum við heimsfaraldur kórónuvíruss.
4. Rætt um fjármál sambandsins og lagt fram minnisblað frá Guðna Bergssyni formanni. *Stjórn samþykkti eftirfarandi bókun:*
Áfram verður unnið markvisst að því að greina og ná kostnaði niður við rekstur sambandsins bæði hvað skrifstofu, vallar og landsliðskostnað varðar. Verður þetta gert með tilliti til þess að viðhalda eftir fremsta megni gæðum starfseminnar og þjónustu Knattspyrnusambandsins við aðildarfélögin. Einnig er nauðsynlegt að vinna áhættumat á rekstraráætlun þessa árs. Við núverandi efnahagsástand og þeirrar óvissu sem að því fylgir er enn mikilvægara en áður að fara í þessa vinnu af hálfu knattspyrnusambandsins. Samhliða þessu verður einnig gætt að því að

nýta áfram þau tækifæri sem að kunna að vera á aukinni tekjuöflun af hálfu Knattspyrnusambandsins.

5. Skipan í embætti og nefndir

- Stjórn samþykkti að fresta skipan í embætti og nefndir sambandsins til næsta fundar en núverandi varaformenn og nefndarmenn halda umboði sínu þangað til að annað verður ákveðið.

6. Ársþing

- Rætt um ársþing 2020. Stjórn KSÍ lýsti yfir mikilli ánægju með framkvæmd ársþingsins í Ólafsvík og færir heimamönnum sérstakar þakkir fyrir þeirra miklu vinnu við undirbúning og framkvæmd. Þá færir stjórn þakkir til starfsmanna fyrir þeirra framlag.
- Knattspyrnudeild Hauka hefur lýst yfir áhuga á að halda ársþing sambandsins í febrúar 2021. Fulltrúar Hauka hafa þegar fundað með starfsmönnum KSÍ og ljóst er að allar aðstæður hjá Haukum uppfylla þær kröfur sem gerðar eru og hafa Haukar lagt fram gögn þar að lútandi. Stjarnan hefur einnig lýst yfir áhuga á að halda ársþingið. Ekki eru fordæmi fyrir því að félag á höfuðborgarsvæðinu hafi haldið ársþing og rýna þarf málið betur.
- Tillögur frá ársþingi sem flytja þarf í ferli:

| | | | |
|-----|---------------------------|---|---|
| #7 | Tillaga til lagabreytinga | Ólögleg veðmálastarfsemi, hagræðing úrslita og ÍTF ákvæði | Stjórn samþykkti að vísa málinu til skrifstofu til frágangs. |
| #8 | Tillaga til lagabreytinga | Ágreiningsmál og staðalsamningur þjálfara | Stjórn samþykkti að vísa málinu til LLR. |
| #9 | Tillaga til lagabreytinga | Leyfiskerfi í efstu deild kvenna | Stjórn samþykkti að vísa málinu til skrifstofu til frágangs. |
| #10 | Tillaga til lagabreytinga | Fjölgun í Pepsi Max deild karla | Stjórn samþykkti að fresta málinu. |
| #11 | Tillaga til ályktunar | Fjöldi leikmanna á leikskýrslu | Stjórn samþykkti að vísa málinu til skrifstofu til frágangs. |
| #12 | Tillaga til ályktunar | Dómarar í 2. fl. | Stjórn samþykkti að vísa málinu til dómaranefndar til umsagnar (umfang og kostnað). |
| #13 | Tillaga til ályktunar | Leikmannasamningar í 1. og 2. deild kvenna | Stjórn samþykkti að vísa málinu til skrifstofu til frágangs |
| #14 | Tillaga til ályktunar | Um endurgreiðslu | Stjórn samþykkti að senda ályktunina á menntamála- og fjármálaráðherra og var Guðna Bergssyni formanni falið að ljúka málinu. |

- Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um að drög að þinggerð eru tilbúin og fara nú til þingforseta til yfirlustrar og samþykktar.

7. Reglugerðir

- Tillaga að breytingu á reglugerð KSÍ um ferðapátttökugjald lögð fram. Stjórn KSÍ samþykkti að fresta afgreiðslu til næsta fundar.
- Stjórn samþykkti tillögu til að breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót (úrslitakeppnir í 4. fl.).

Breytingar sem lagðar eru til eru **grænmerktar**.

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstrikað**

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á greinum 26.1.8 til 26.1.10. (4. flokkur karla):

26.1.8. Eftir riðlakeppni skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn skv. ákvörðun mótanefndar.

~~26.1.8. Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn og skal skipa liðum í tvo riðla sem hér segir:-~~

~~Riðill 1: A1, A3, B2 og C1-~~

~~Riðill 2: A2, B1, E1 og F1-~~

~~Ef F1 tekur ekki þátt í úrslitakeppni kemur A4 í stað þess-~~

~~(Hér táknar A1: Lið nr. 1 í A riðli í undankeppni o.s.frv.)~~

~~26.1.9. Í úrslitakeppni skal leikið sem hér segir:~~

~~Leikdagar 1: A1 – A3 og B2 – C1 / A2 – F1 og B1 – E1.~~

~~Leikdagur 2: A1 – B2 og A3 – C1 / F1 – E1 og A2 – B1.~~

~~Leikdagur 3: C1 – A1 og B2 – A3 / B1 – F1 og E1 – A2.~~

~~26.1.10. Sigurvegarar riðla í úrslitakeppni skulu leika úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn skv. ákvörðun mótanefndar og skal leikið til þrautar. Ef jafnt er eftir venjulegan leiktíma skal framlengt. Sé enn jafnt skal fara fram vítaspynukeppni. KSÍ skal greiða allan ferðakostnað við leikinn og skal hann miðast við 18 manns. Gæta skal hagkvæmni í ferðakostnaði.~~

Greinargerð:

Um er að ræða breytingar sem unnar voru af mótanefnd KSÍ.

- Stjórn samþykkti tillögu að breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Breytingar sem lagðar eru til eru **grænmerktar**.

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstrikað**

Lögð er til eftirfarandi breyting á greinum 26.1.3. og 26.1.4. (4. flokkur karla):

26.1.3. Mótanefnd er heimilt að veita félagi undanþágu til að skrá til keppni með eftirfarandi hætti:

a) Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B lið á sama svæði.

b) Félag sem skráir tvö lið til keppni getur óskað eftir að lið 2 leiki sem C lið á sama svæði.

~~Mótanefnd er heimilt að veita félagi, sem skráir tvö lið til keppni, undanþágu til að lið 2 leiki sem C lið.~~

Með umsókn um undanþágu þarf að fylgja rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótum, fjölda iðkenda o.s.frv. Rökstuðningur skal fylgja þátttökutilkynningu.

26.1.4. Lið sem veitt hefur verið undanþága til að leika sem B ~~eða~~ C lið, sbr. ákvæði 26.1.3, er óheimilt að taka þátt í úrslitakeppni Íslandsmóts.

Lögð er til eftirfarandi breyting á greinum 27.1.4. og 27.1.5. (5. flokkur karla):

27.1.4. Mótanefnd er heimilt að veita félagi undanþágu til að skrá lið til keppni með eftirfarandi hætti:

a) Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B ~~eða~~ C lið.

b) Félag sem skráir tvö lið til keppni getur óskað eftir að lið 1 leiki sem B lið og lið 2 leiki sem C lið.

c) Félag sem skráir þrjú lið til keppni getur óskað eftir að lið 2 og 3 leiki sem C og D lið.

Með umsókn um undanþágu þarf að fylgja rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótum, fjölda iðkenda o.s.frv. Rökstuðningur skal fylgja þátttökutilkynningu.

27.1.5. Lið sem veitt hefur verið undanþága til að leika sem B, C ~~eða~~ D lið, sbr. ákvæði 27.1.4, er óheimilt að taka þátt í úrslitakeppni Íslandsmóts.

Lögð eru til ný ákvæði 32.1.3 og 32.1.4. sem eru svohljóðandi (4. flokkur kvenna):

32.1.3. Mótanefnd er heimilt að veita félagi undanþágu til að skrá til keppni með eftirfarandi hætti:

a) Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B lið á sama svæði.

Með umsókn um undanþágu þarf að fylgja rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótum, fjölda iðkenda o.s.frv. Rökstuðningur skal fylgja þátttökutilkynningu.

32.1.4. Lið sem veitt hefur verið undanþága til að leika sem B lið, sbr. ákvæði 32.1.3, er óheimilt að taka þátt í úrslitakeppni Íslandsmóts.

Lögð er til eftirfarandi breyting á greinum 33.1.4 og 33.1.5. (5. flokkur kvenna):

33.1.4. Mótanefnd er heimilt að veita félagi undanþágu til að skrá lið til keppni með eftirfarandi hætti:

a) Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B eða C lið.

b) Félag sem skráir tvö lið til keppni getur óskað eftir að lið 1 leiki sem B lið og lið 2 leiki sem C lið.

c) Félag sem skráir þrjú lið til keppni getur óskað eftir að lið 2 og 3 leiki sem C og D lið.

Með umsókn um undanþágu þarf að fylgja rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótum, fjölda iðkenda o.s.frv. Rökstuðningur skal fylgja þátttökutilkynningu.

33.1.5. Lið sem veitt hefur verið undanþága til að leika sem B, C eða D lið, sbr. ákvæði 33.1.4, er óheimilt að taka þátt í úrslitakeppni Íslandsmóts.

Greinargerð:

Um er að ræða breytingar sem unnar voru af starfshópi mótanefndar um þingskjal 9 frá ársþingi 2019 (Gróttutillagan).

8. Leyfismál

- KSÍ hefur mótttekið athugasemdir frá *Club Financial Control Body* (sjálfstæður úrskurðaraðili á vegum UEFA) vegna endurskoðunar á leyfiskerfinu. Mikilvægustu athugasemdirnar beinast að því hvað endurspeglast í reikningum knattspyrnudeilda sem skilað er í leyfiskerfinu og að þessi skil uppfylli ekki fyllilega kröfur UEFA. Leyfisstjóri og formaður leyfissráðs vinna að svarbréfi KSÍ og voru drög að bréfinu kynnt fyrir stjórn.
- Öll 24 félögin í efstu tveimur deildum karla fengið útgefin þátttökuleyfi, en tvö þeirra með fyrirvörum um frekari gagnaskil fyrir 31. mars nk. Þá hefur Valur í Pepsi Max deild kvenna fengið útgefið þátttökuleyfi í Meistaradeild UEFA (*UEFA Women's Champions League*). Umsókn félaga um þátttökuleyfi 2020 er samþykkt af leyfissráði með fyrirvara um afgreiðslu stjórnar KSÍ á tillögum mannvirkjanefndar um vallarleyfi fyrir keppnistímabilið 2020.

9. Mótamál

- Mikil óvissa einkennir mótamál sambandsins. Í framhaldi af fundi UEFA sl. þriðjudag þar sem breytingar voru m.a. gerðar á EURO 2020 og Evrópukeppnum félagsliða. Reyndi mótanefnd að ná yfirsýn og greina þær forsendur sem eru til staðar. Samkomubann stendur að minnsta kosti til 12. apríl. Vilji félaga innan ÍTF er að það líði 3 vikur frá því að samkomubanni lýkur þangað til að mótahald hefst aftur. Mótanefnd fundaði í gær og kom fram með drög sem voru kynnt ÍTF í gær og eru nú lögð fyrir stjórnarfund. Formaður mótanefndar minnti á það að þrátt fyrir að einungis rúmlega sólarhringur væri síðan að minnisblaðið var tekið fyrir á fundi mótanefndar þá hafi forsendur breyst.

Valgeir Sigurðsson formaður mótanefndar kynnti tillögur mótanefndar að breytingum á mótahaldi sambandsins sem miðast við þá forsendu að samkomubanni heilbrigðisyfirvalda ljúki um miðjan apríl.

Afgreiðsla stjórnar:

- Stjórn samþykkti að Lengjubikarnum 2020 sé lokið og ekki verði krýndir meistarar.
- Stjórn samþykkti að Meistarakeppni KSÍ verði frestað og að keppnin í ár verði mögulega felld niður.

- Stjórn samþykkti að keppni í Íslandsmótum hefjist í miðjum maí af því gefnu að samkomubanni ljúki um miðjan apríl.
- Stjórn samþykkti að keppni í Mjólkurbikarnum hefjist í miðjum maí af því gefnu að samkomubanni ljúki um miðjan apríl.

Ný niðurröðun í hlutaðeigandi mótum verður gefin út eins fljótt og við verður komið. Ef samkomubann framlengist verður staðan endurmetin. Þannig er gert ráð fyrir að hæfilegur tími líði frá lokum samkomubanns þar til keppni hefjist í öllum mótum.

- Stjórn KSÍ samþykkti Handbók leikja 2020 í samræmi við grein 1.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.
- Þorsteinn Gunnarsson spurði um samstarfsaðila fyrir 1. deild karla og kvenna. Haraldur Haraldsson var fyrir svörum en illa gengur að finna samstarfsaðila við núverandi efnahagsaðstæður.

10. Mannvirkjamál

- Tillaga að uppfærðri reglugerð um mannvirkjasjóð var lögð fram. Stjórn samþykkti nýja reglugerð og þarf að koma málinu í ferli sem fyrst.
- Afgreiðsla vallarleyfa var frestað til næsta fundar.

11. Dómaramál

- Stjórn KSÍ samþykkti tillögu dómaranefndar um að breytingar á knattspyrnulögunum taki gildi frá og með fyrstu umferð í Mjólkurbikarnum/Íslandsmóti.
- Breytingarnar á knattspyrnulögunum hafa nú þegar verið kynntar á heimasíðu KSÍ.

12. Önnur mál

- Umræðu um þakkarbréf til þeirra sem ganga úr nefndum og hætta störfum var frestað.
- Lögð var fram beiðni frá nefndarviði Alþingis varðandi umsögn um mál 524 – *Tillaga til þingsályktunar um launasjóð íslensks afreksíþróttafólks*. Skrifstofa KSÍ undirbýr umsögn KSÍ.
- Þorsteinn Gunnarsson spurði um Laugardalsvöll og hvort að uppbygging á vellinum gæti flokkast sem flýtiverkefni innviðauppbyggingar. Guðni Bergsson var til svara og upplýsti stjórn um stöðu mála. Vinna við þarfagreiningu á að ljúka í júní. Í samræðum sínum við fulltrúa ríkisvaldins hefur Guðni lagt áherslu á að uppbygging Laugardalsvallar gæti hentað sem flýtiverkefni.

Næsti stjórnarfundur verður 26. mars kl. 16:00.

Fleira var ekki á dagskrá og var fundi slitið kl. 18:30.